158. löggjafarþing 2026–2027.
Þingskjal 419 — 329. mál.
Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (tekjuskattur, tollar o.fl.).

Frá fjármála- og efnahagsráðherra.

I. KAFLI
Breyting á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. tölul. 4. gr. laganna:

a. Í stað 4. og 5. málsl. koma níu nýir málsliðir, svohljóðandi: Ríkisskattstjóri skal afskrá aðila vegna þeirra ára sem skilyrði skráningar voru ekki uppfyllt, enda hafi skráningin byggst á röngum eða villandi upplýsingum um starfsemi hans sem höfðu verulega þýðingu fyrir mat á skilyrðunum. Afskráning skal jafnframt eiga sér stað vegna þeirra ára sem styrkjum hefur verið ráðstafað til annarra málefna en getið er í 4. tölul. nema um óverulega ráðstöfun sé að ræða. Þegar metið er hvort komi til afskráningar telst sannanlegur og eðlilegur kostnaður við almannaheillastarfsemina, þar á meðal vegna launa, húsnæðis, búnaðar, fjáröflunar og nauðsynlegrar umsýslu, ráðstöfun í þágu hennar, að virtri raunverulegri ráðstöfun til almannaheilla. Áður en ákvörðun um afskráningu er tekin skal veita aðila leiðbeiningar og hæfilegan frest til að bæta úr annmörkum sem unnt er að leiðrétta nema það sé bersýnilega tilgangslaust. Hafi aðili bætt að fullu úr annmörkunum innan frestsins kemur ekki til afskráningar. Þrátt fyrir 4. og 5. tölul. skal vegna rangra eða villandi upplýsinga tekjufæra styrki sem mótteknir voru á þeim árum sem skilyrði skráningar voru ekki uppfyllt, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 61. gr., að frádregnum sannanlegum kostnaði við öflun þeirra og sannanlegum framlögum til málefna skv. 4. tölul. Hafi styrkjum verið ráðstafað til annarra málefna en skv. 4. tölul. skal tekjufæra þann hluta styrkja sem ráðstafað var með óheimilum hætti á ráðstöfunarárinu, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 61. gr., óháð móttökuári. Beita skal 25% álagi á þannig ákvarðaðan tekjuskattsstofn hvers árs. Heimilt er að fella niður álag færi aðili rök fyrir því að honum verði ekki kennt um annmarkana eða ráðstöfunina, ef sérstakar ástæður mæla með því, einkum afsakanleg mistök eða réttmætur vafi um túlkun reglna, að teknu tilliti til eðlis og alvarleika annmarkanna og úrbóta að eigin frumkvæði.

b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvörðun ríkisskattstjóra samkvæmt þessum tölulið um synjun skráningar, afskráningu, tekjuskattsstofn eða álag er kæranleg til yfirskattanefndar innan 30 daga frá dagsetningu ákvörðunar.

2. gr.

Við A-lið 1. mgr. 7. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Endurgjald einstaklings fyrir minni háttar tilfallandi verkefni skal telja til tekna að frádregnum 30% af heildarendurgjaldi, enda séu verkefnin unnin utan ráðningarsambands, séu ekki þáttur í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi sem hann hefur að öðru leyti með höndum, byggist fyrst og fremst á persónulegu vinnuframlagi hans og hafi hvorki í för með sér verulegan kostnað né verulega rekstraráhættu. Skilyrði frádráttar er að samanlagt endurgjald fyrir öll slík verkefni sé ekki hærra en 2.000.000 kr. á almanaksári. Verkefni sem fullnægja þessum skilyrðum teljast hvorki atvinnurekstur né sjálfstæð starfsemi í skilningi laga þessara, hvort sem þau eru metin hvert fyrir sig eða í heild. Frádrátturinn kemur í stað annars frádráttar vegna kostnaðar við öflun teknanna. Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessa töluliðar.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á A-lið 1. mgr. 30. gr. laganna:

a. 3. tölul. orðast svo: Tekjur skv. 4. tölul. A-liðar 7. gr. sem skattfrjálsar eru samkvæmt sérlögum eða vinninga í happdrættum sem fengið hafa leyfi samkvæmt lögum um happdrætti. Sama gildir um vinninga í happdrættum sem fengið hafa sambærilegt leyfi útgefið af stjórnvöldum á hinu Evrópska efnahagssvæði, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum, enda séu skilyrði til veitingu leyfis samkvæmt lögum um happdrætti uppfyllt.
b. Á eftir orðunum „Gjafir og framlög“ í 1. málsl. 7. tölul. kemur: í reiðufé.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. tölul. 31. gr.

a. Á eftir orðunum „Einstakar gjafir og framlög“ í 1. málsl. kemur: í reiðufé.
b. Á eftir 1. málsl. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þrátt fyrir kröfu um að framlög séu í reiðufé falla hér eftir atvikum undir framlög í formi lausafjár, þ.e. einstakra gjafa. Við þær aðstæður að virði einstaks hlutar nemi hærri fjárhæð en 2.000.000 kr. skal það verðmat staðfest af löggiltum endurskoðanda enda sé ekki til að dreifa fullnægjandi fylgiskjölum um verðmæti hvers hlutar, svo sem kaup- eða sölureikningum, dagsettum innan tólf mánaða frá veitingu gjafar eða framlags.

5. gr.

Orðin „og 53. gr. a“ í 1. málsl. 1. mgr. 54. gr. laganna falla brott.

II. KAFLI

Breyting á lögum um bindandi álit í skattamálum, nr. 91/1998.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „getur tekið“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: tekur.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Lög þessi taka ekki til álitaefna eða ákvarðana sem lúta að tollamálum eða annarra ákvarðana tollyfirvalda. Um heimild til að óska bindandi álits tollyfirvalda um tollflokkun og uppruna vöru fer samkvæmt tollalögum.

7. gr.

Í stað orðsins „hjá“ í 1. málsl. 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: frá.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „barst“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: eða móttöku viðbótargagna.
b. Á eftir 1. málsl. 2. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Dæmi um aðrar ástæður skv. 1. málsl. eru matskennd atriði, svo sem mat á verði eða verðmætum í viðskiptum eða ályktanir byggðar á óvissri sönnunarfærslu um staðreyndir, aðstæður eða atvik máls. Einnig beiðni um forúrskurð, svo sem um almenna skráningarskyldu þegar lög kveða á um slíkt innan tiltekins tíma frá því að starfsemi hefst. Sama á við um beiðni um forúrskurð vegna umsókna, þ.m.t. um samsköttun félaga, afbrigðilegt reikningsár, dreifingu á tekjufærslu, mögulega endurgreiðslu eða lækkun á skattstofnum.

9. gr.

Við 1. málsl. 4. gr. laganna bætist: rafrænt eða á öðru formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

III. KAFLI

Breyting á lögum um fjársýsluskatt, nr. 165/2011.

10. gr.

Í stað „56/2010“ í 1. tölul. 2. gr. laganna kemur: 100/2016.

IV. KAFLI

Breyting á lögum um yfirskattanefnd, nr. 30/1992.

11. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Yfirskattanefnd úrskurðar í kærumálum vegna skatta, gjalda og sekta sem álagðar eru eða ákvarðaðar af ríkisskattstjóra, þ.m.t. skattrannsóknarstjóra. Yfirskattanefnd skal og úrskurða í kærumálum vegna þeirra ákvarðana tollyfirvalda sem greinir í 118. gr. tollalaga, nr. 88/2005. Jafnframt tekur úrskurðarvald yfirskattanefndar til annarra ákvarðana ríkisskattstjóra og tollyfirvalda eftir því sem sérstaklega er mælt fyrir um í lögum.

Yfirskattanefnd skal úrskurða í kærumálum vegna ákvörðunar skatta og gjalda sem lögð eru á eða ákvörðuð af öðrum stjórnvöldum en greinir í 1. mgr. eftir því sem ákveðið er í lögum.

12. gr.

3. mgr. 3. gr. laganna fellur brott.

13. gr.

Á eftir 3. mgr. 6. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Við málsmeðferð á kærum vegna sektarákvarðana skattrannsóknarstjóra vegna brota á skattalögum, lögum um bókhald og lögum um ársreikninga skal eftir atvikum gæta ákvæða laga um meðferð sakamála og kemur þá skattrannsóknarstjóri fram af hálfu ríkisskattstjóra. Stjórnvaldssektir sem lagðar eru á eða ákvarðaðar eru af ríkisskattstjóra, svo sem dagsektir, sæta almennri málsmeðferð.

14. gr.

22. gr. laganna ásamt fyrirsögn fellur brott.

V. KAFLI

Breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988.

15. gr.

Í stað orðanna „lög nr. 36/1987“ í 2. tölul. 4. gr. laganna kemur: 99. gr. laga um lausafjárkaup, nr. 50/2000.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 41. gr. laganna:

a. 1. málsl. 2. mgr. fellur brott.
b. 4. og 5. málsl. 4. mgr. falla brott.

VI. KAFLI

Breyting á lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 94/1996.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

a. 1. málsl. 2. mgr. fellur brott.
b. 4. og 5. málsl. 4. mgr. falla brott.

VII. KAFLI

Breyting á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987.

18. gr.

4. og 5. málsl. 4. mgr. 31. gr. laganna falla brott.

VIII. KAFLI

Breytinga á tollalögum, nr. 88/2005.

19. gr.

Í stað orðanna „og 2. mgr.“ í 1. málsl. 3. mgr. 122. gr. laganna kemur: og 4. mgr.

20. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir 2. mgr. 104. gr. er leyfishöfum tollfrjálsrar verslunar sem fyrir 1. janúar 2027 hafa fengið starfsleyfi skv. 101. gr. og reka verslun fyrir komu- og brottfararfarþega í sama sölurými hinn 1. janúar 2027, heimilt að halda áfram slíkri starfsemi á þeim flugvelli fram til 1. janúar 2032. Leyfishafa ber að tryggja að sala til komu- og brottfararfarþega sé skráð á aðgreindan hátt.

IX. KAFLI

Breyting á búvörulögum, nr. 99/1993.

21. gr.

Í stað orðanna „2025 og 2026“ í inngangsmálslið EE-liðar ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: 2025, 2026 og 2027.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2027.

Ákvæði 1. gr. kemur fyrst til framkvæmda vegna tekjuársins 2027.

Ákvæði 2.–4. gr. koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda 2028 vegna tekna 2027.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Frumvarpið er samið í fjármála- og efnahagsráðuneytinu að höfðu samráði eins og rakið er í 5. kafla. Frumvarpið hefur að geyma tillögur að breytingum á skatta- og tollalöggjöf. Tillögurnar eru af ólíkum toga en eiga það sameiginlegt að miða að því að skýra og einfalda gildandi reglur, bæta framkvæmd þeirra og tryggja að löggjöfin endurspegli gildandi rétt og stjórnsýsluframkvæmd.

Breytingarnar eru jafnframt til þess fallnar að auka fyrirsjáanleika og samræmi við beitingu reglnanna, draga úr óþarfa álitaefnum og auðvelda bæði stjórnvöldum og þeim sem reglurnar taka til að átta sig á réttindum sínum og skyldum. Þá er með einstökum breytingum brugðist við annmörkum sem komið hafa í ljós í framkvæmd, glufum í regluverkinu lokað og tryggt að ákvæði laganna nái til þeirra tilvika sem þeim er ætlað.

Tillögurnar fela ýmist í sér efnislegar breytingar á skattalegri meðferð, skýrari afmörkun gildandi reglna eða lagfæringar á ákvæðum sem hafa orðið úrelt vegna síðari lagabreytinga eða breyttrar stjórnsýslu. Í heild miða þær að skýrara, einfaldara og samræmdara lagaumhverfi á þeim sviðum sem frumvarpið tekur til.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Frumvarpið hefur að geyma ýmsar breytingar á skatta- og tollalöggjöf sem eiga það sameiginlegt að skýra og einfalda reglur, auka fyrirsjáanleika og tryggja að lagaákvæði endurspegli gildandi réttarstöðu og framkvæmd. Jafnframt er leitast við að bæta eftirlits- og stjórnsýsluúrræði og draga úr óþarfa álitaefnum í skattframkvæmd, m.a. með lokun glufa í regluverkinu þannig að tryggt verði að ákvæði laganna nái til þeirra tilvika sem þeim er ætlað að taka til.

Á sviði starfsemi til almannaheilla er lagt til að skýra reglur um frádrátt vegna gjafa og framlaga og afmarka þær þannig að meginreglan taki til reiðufjár. Með því má draga úr álitaefnum um verðmat eigna og tryggja samræmda og sannreynanlega framkvæmd. Jafnframt er lögð til undantekning vegna einstakra verðmætra lausafjármuna sem geta haft verulega þýðingu fyrir starfsemi til almannaheilla. Þá er lagt til að styrkja viðurlaga- og eftirlitsúrræði vegna skráningar á almannaheillaskrá og notkunar styrkja í samræmi við skráða starfsemi.

Þá er talin þörf á að einfalda skattalega meðferð minni háttar, tilfallandi aukaverkefna einstaklinga. Með sérstakri reglu og samræmdum fjárhæðarmörkum við lög um virðisaukaskatt er stefnt að skýrari og fyrirsjáanlegri meðferð slíkra tekna og að dregið verði úr óvissu um hvenær almennar reglur um atvinnurekstur eiga við.

Breytingar á reglum um bindandi álit í skattamálum miða jafnframt að auknum skýrleika um gildissvið og skilyrði fyrir slíkum álitum. Lagt er til að skýrt verði að þau taki til framtíðarráðstafana og framtíðarálagningar skatta og gjalda, en ekki ráðstafana sem þegar hafa verið gerðar, og að tollamál falli undir reglur tollalaga. Með skýrari reglum um frávísun og lengri afgreiðslufresti er leitast við að tryggja vandaðri og fyrirsjáanlegri málsmeðferð. Jafnframt er tekið mið af þróun rafrænnar stjórnsýslu.

Aðrar breytingar eru einkum til að færa ákvæði laga til samræmis við breytta stjórnsýslu og gildandi lög. Þannig er lagt til að orðalag skattalaga verði samræmt breytingum sem gerðar voru á fyrirkomulagi skattrannsókna og sektarákvarðana, úrelt tilvísun í lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, verði felld brott og eldri tilvísunum til laga verði breytt þannig að þær vísi til gildandi laga. Jafnframt eru lagðar til breytingar á tollalögum, nr. 88/2005, og lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, sem varða leiðréttingar á röngum eða úreltum lagatilvísunum. Þá

er lagt til að tímabundið ákvæði búvörulaga um lægri innflutningstolla á tilteknar tegundir grænmetis verði framlengt um eitt ár.

Breytingarnar eru þannig ólíkar að efni en eiga sameiginlegt að stuðla að skýrari, einfaldari og samræmdari reglum, draga úr óvissu í framkvæmd og tryggja að lagaumhverfið sé í samræmi við gildandi réttarreglur og stjórnsýsluframkvæmd.

3. Meginefni frumvarpsins.

3.1. Starfsemi til almannaheilla.

Lagðar eru til breytingar á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, um skattalega meðferð gjafa og framlaga til lögaðila sem starfa til almannaheilla.

Markmið breytinganna er annars vegar að styrkja viðurlaga- og eftirlitsúrræði ríkisskattstjóra með því að skilyrði fyrir skráningu lögaðila í almannaheillaskrá séu uppfyllt og að styrkir sem berast skráðum lögaðilum séu nýttir í samræmi við þá almannaheillastarfsemi sem skráningin byggist á. Hins vegar er lagt til að skýra og afmarka frádráttarbærni gjafa og framlaga þannig að meginreglan verði sú að frádráttur grundvallist á framlögum í reiðufé. Með því er leitast við að einfalda framkvæmd ákvæðanna, draga úr álitaefnum um verðmat við framlög í formi eigna og tryggja að frádráttur taki fyrst og fremst til framlaga sem unnt er að staðreyna á skýran og sambærilegan hátt.

Jafnframt er gert ráð fyrir þeirri undantekningu frá meginreglunni um framlög í reiðufé að framlög í formi lausafjár, þ.e. einstakra gjafa, geti fallið undir frádráttarheimildina. Það er háð því skilyrði að við þær aðstæður að virði einstaks hlutar nemi hærri fjárhæð en 2.000.000 kr. skal það verðmat staðfest af löggiltum endurskoðanda enda sé ekki til að dreifa fullnægjandi fylgiskjölum um verðmæti hvers hlutar, svo sem kaup- eða sölureikningum, dagsettum innan tólf mánaða frá veitingu gjafar eða framlags.

3.2. Einfaldari skattaleg meðferð tilfallandi tekna einstaklinga.

Lagt er til að tekin verði upp sérstök regla um skattalega meðferð endurgjalds einstaklinga fyrir minni háttar tilfallandi verkefni. Samkvæmt henni verði heimilt að draga 30% frá heildarendurgjaldi í stað frádráttar kostnaðar við öflun teknanna, enda sé samanlagt endurgjald fyrir öll slík verkefni ekki hærra en 2.000.000 kr. á almanaksári. Markmiðið er að einfalda skattalega meðferð tekna sem þessara og draga úr óvissu um mörkin gagnvart atvinnurekstri og sjálfstæðri starfsemi.

Reglunni er ætlað að taka til afmarkaðra verkefna sem einstaklingar taka að sér öðru hverju og byggjast fyrst og fremst á persónulegu vinnuframlagi þeirra. Verkefnin þurfa að vera unnin utan ráðningarsambands og mega ekki vera þáttur í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi sem einstaklingurinn hefur að öðru leyti með höndum. Skilyrðið um að verkefnin hafi ekki í för með sér verulega rekstraráhættu miðar að því að afmarka regluna gagnvart verkefnum sem fela í sér umtalsverða fjárhagslega áhættu vegna framkvæmdar þeirra. Einkum er átt við að einstaklingurinn taki á sig kostnað eða fjárskuldbindingar sem óvíst er að endurgjaldið standi undir. Minni háttar útgjöld vegna persónulegs vinnuframlags útiloka ekki beitingu reglunnar. Ekki er skilyrði að einstaklingurinn hafi annað launað starf með höndum, svo sem þegar eftirlaunaþegi á í hlut.

Fjárhæðarmörkin eru ekki einhlítt viðmið um hvort um atvinnurekstur sé að ræða, heldur þurfa öll skilyrði ákvæðisins að vera uppfyllt. Tillagan felur því ekki í sér almenna undanþágu frá reglum um skattlagningu atvinnurekstrar vegna tekna undir tiltekinni fjárhæð.

Fjárhæðarmörk reglunnar eru samræmd lögum um virðisaukaskatt og miðast því við 2.000.000 kr. á ári. Með samræmdum mörkum verður skattaleg meðferð einfaldari og fyrirsjáanlegri og dregið úr óvissu um hvenær almennar reglur um atvinnurekstur taka við. Samræming fjárhæðarmarkanna er þannig mikilvægt fyrsta skref í átt að einfaldari og skýrari reglum um minni háttar persónuleg aukaverkefni. Einstaklingar sem telja sig stunda atvinnurekstur geta áfram skráð rekstur og þá gilda almennar reglur um skattlagningu hans.

3.3. Staðfesting á skattfrelsi vinninga í happdrættum.

Þau skilyrði sem sett eru fyrir leyfisveitingu happdrætta samkvæmt lögum um happdrætti, nr. 38/2005, eru sambærileg þeim sem fram koma í ákvæði laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, sem fjallar um frádrátt manna frá tekjum utan atvinnurekstrar vegna skattfrjálsra vinninga í happdrættum. Eðlilegt þykir og til aukins skýrleika að um skilyrðin sé vísað til laga um happdrætti, nr. 38/2005. Það tryggir jafnframt að ekki skapist ósamræmi milli áðurnefndra laga.

3.4. Bindandi álit í skattamálum.

Samkvæmt lögum um bindandi álit í skattamálum, nr. 91/1998, er ekki heimilt að óska eftir bindandi áliti um skattaleg áhrif ráðstafana sem þegar hafa verið gerðar. Lagt er til að skýrt verði kveðið á um að lögin taki einungis til álitamála sem varða framtíðarálagningu skatta og gjalda sem ríkisskattstjóra er falin framkvæmd á, enda sé sú álagning kæranleg til yfirskattanefndar. Jafnframt er lagt til að lögin taki ekki til tollamála en um bindandi álit í þeim málaflokki fer samkvæmt tollalögum, nr. 88/2005. Þá er lagt til að tilgreind verði í dæmaskyni tilvik sem sæta myndu og sæta ættu frávísun og er það til þess fallið að auka á skýrleika og fyrirsjáanleika og draga úr beiðnum sem fyrir liggur að vísa beri frá. Að lokum er í takt við rafræna stjórnsýslu lagt til að ríkisskattstjóra verði heimilt að senda bindandi álit rafrænt eða eftir atvikum á öðru formi.

3.5. Skattrannsóknarstjóri og yfirskattanefnd.

Lagðar eru til breytingar á fernum skattalögum, í samræmi við lög um breytingu á lögum er varða rannsókn og saksókn skattalagabrota, nr. 29/2021. Í þeim lögum voru gerðar þær breytingar að embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins og ríkisskattstjóra sameinuðust í Skattinn og lýkur nú meiri hluta skattrannsóknarmála með fésekt hjá stofnuninni nema máli sé vísað til meðferðar hjá lögreglu samkvæmt fyrirmælum ríkissaksóknara. Með lögunum var jafnframt gerð sú breyting að yfirskattanefnd tekur nú ekki frumákvarðanir um fjárhæð sekta vegna skattalagabrota. Með því fékkst endurskoðun innan stjórnsýslunnar á ákvörðun sekta, svo sem almennt gildir innan stjórnsýslukerfis skattamála. Ljóst er að orðalag í skattalöggjöf hefur ekki verið fyllilega samræmt og lagað að breyttri framkvæmd sem gerð var á hlutverki skattrannsóknarstjóra og yfirskattanefndar og eru lagðar til breytingar því til lagfæringar.

3.6. Tollfrjáls verslun í blönduðu sölurými.

Lagðar eru til breytingar á tollalögum, nr. 88/2005, sem fela í sér tímabundna heimild fyrir leyfishafa tollfrjálsrar verslunar til að halda áfram sölu til komu- og brottfararfarþega í sama sölurými. Skv. 2. mgr. 104. gr. laganna skal verslun fyrir komufarþega vera sérstaklega afmörkuð og einungis aðgengileg farþegum og áhöfnum sem koma til landsins.

Tillagan tekur aðeins til leyfishafa sem hafa fengið starfsleyfi fyrir 1. janúar 2027 og reka þegar slíka verslun í sameiginlegu sölurými við gildistöku laganna. Á landsbyggðinni, þar sem millilandaflug er enn í uppbyggingu, geta aðstæður í flugstöð takmarkað möguleika á að koma upp aðskildum sölurýmum fyrir komu- og brottfararfarþega. Tollfrjáls verslun getur verið

mikilvægur þáttur í þjónustu við farþega og áframhaldandi uppbyggingu millilandaflugs. Með tillögunni er leitast við að tryggja samfellu í þeirri þjónustu sem nú þegar hefur verið útbúin og veitt á meðan forsendur fyrir varanlegri aðstöðu eru metnar.

Heimildin er aðeins bundin við starfsemi sem þegar er fyrir hendi og gildir til 1. janúar 2032. Hún felur ekki í sér almenna eða varanlega undanþágu frá kröfu laganna um aðgreind sölurými. Þá ber leyfishafa að tryggja að sala til komu- og brottfararfarþega sé skráð á aðgreindan hátt svo unnt sé að hafa fullnægjandi eftirlit með starfseminni.

3.7. Framlenging bráðabirgðaákvæðis í búvörulögum.

Gert er ráð fyrir eins árs framlengingu á gildistíma ákvæðis til bráðabirgða EE í búvörulögum, nr. 99/1993, þannig að það gildi út árið 2027. Í ákvæðinu er kveðið á um tímabil sem afmarka lægri innflutningstolla á tilteknar tegundir grænmetis.

3.8. Aðrar tillögur.

Lagt er til að tilvísun til 53. gr. a í 1. málsl. 1. mgr. 54. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, verði felld brott. 2. mgr. 53. gr. a var felld brott með 2. gr. laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld, nr. 54/2016, þar sem ákvæðið hafði ekkert gildi, m.a. vegna þess að ekki er heimilt samkvæmt eldri lögum um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, nr. 128/2011, að breyta verðbréfa- eða fjárfestingarsjóði í hlutafélag, sbr. núgildandi lög um verðbréfasjóði, nr. 116/2021. Við brottfall ákvæðisins láðist aftur á móti að fella jafnframt brott tilvísunina til þess í 54. gr. laga nr. 90/2003. Með breytingunni er því lögð til leiðrétting á úreltri tilvísun og að ákvæði 54. gr. verði fært til samræmis við gildandi lög.

Þá er í frumvarpinu að finna breytingar á tilvísunum til laga sem hafa verið uppfærð. Í lögum um fjársýsluskatt, nr. 165/2011, er vísað til eldri laga um vátryggingastarfsemi, nr. 56/2010 og er lagt til að vísað verði til núgildandi laga nr. 100/2016.

Jafnframt er lagt til að tilvísanir í ákvæðum tollalaga og laga um virðisaukaskatt verði færðar til samræmis við gildandi löggjöf.

Breytingarnar eru tæknilegs eðlis og þeim er ekki ætlað að hafa efnisleg áhrif.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Efni frumvarpsins gefur tilefni til að meta hvort tillögur þess stangist á við stjórnarskrá eða alþjóðlegar skuldbindingar. Í ljósi ákvæða 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar var þess sérstaklega gætt við undirbúninginn að orðalag breytinganna væri skýrt og að öðru leyti í samræmi við kröfur sem leiða má af stjórnarskrárákvæðunum. Í 40. gr. stjórnarskrárinnar segir að engan skatt megi á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Þá segir í 1. mgr. 77. gr. að skattamálum skuli skipað með lögum. Ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.

Að öðru leyti gefur efni frumvarpsins ekki tilefni til að ætla að það stangist á við stjórnarskrá eða alþjóðlegar skuldbindingar.

5. Samráð.

Við vinnslu frumvarpsins var haft samráð við atvinnuvegaráðuneytið og Skattinn vegna einstaka efnisatriða þess.

5.1. Áform um lagasetningu.

Áform um frumvarpið voru kynnt almenningi í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is, dagana 4.–18. september 2026 (S-167/2026). Ellefu umsagnir bárust frá Bændasamtökum

Íslands, KPMG, Orkuveitu Reykjavíkur, Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði, Samtökum fyrirtækja í landbúnaði, Samtökum iðnaðarins, Samtökum smáframleiðenda matvæla og Beint frá býli, Samtökum ungra bænda, SVÞ – Samtökum verslunar og þjónustu, Verne Global ehf. og frá einum einstaklingi. Efnislegar athugasemdir tóku til takmörkunar á frádrætti vaxtagjalda skv. b-lið 3. mgr. 57. gr. b laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, bindandi álits samkvæmt lögum um bindandi álit í skattamálum, nr. 91/1998, og tollflokkunar á rifnum mozzarellaosti með viðbættum jurtaolíum sem notaður er við pítsugerð samkvæmt tollalögum, nr. 88/2005.

Fallið hefur verið frá fyrirhuguðum breytingum í frumvarpinu á sviði innheimtu opinberra gjalda vegna sameiningar sýslumannsembætta í eitt embætti sýslumanns. Brugðist verður við breyttu skipulagi sýslumannsembætta, sem tekur gildi 1. janúar 2027, með frumvarpi sem breyta mun ýmsum lögum vegna sameiningarinnar, sbr. mál nr. 5 í þingmálaskrá dómsmálaráðherra. Heiti frumvarps þessa hefur því tekið breytingum til samræmis við það.

Að teknu tilliti til athugasemda við fyrirhugað frumvarp hefur jafnframt að svo stöddu verið fallið frá þeirri breytingu á b-lið 3. mgr. 57. gr. b laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, sem tekur til takmörkunar á frádrætti vaxtagjalda. Rétt þykir að taka nýjar tillögur og athugasemdir við áformin til ítarlegri skoðunar og áhrifamats.

Athugasemdir Samtaka verslunar og þjónustu um bindandi álit snúa annars vegar að því að tryggt þurfi að vera að ákvæði tollalaga, nr. 88/2005, uppfylli skilyrði um bindandi fyrir fram álit (e. advanced rulings) sem kveðið sé á um í viðskiptaliprunarsamningum íslenskra stjórnvalda og hins vegar að lengdur frestur ríkisskattstjóra til að gefa út bindandi álit samkvæmt lögum um bindandi álit í skattamálum, nr. 91/1998, megi ekki ganga á fyrirsjáanleika og tilgang laganna. Þá megi ekki þrengja frávísunarheimildir laganna frekar.

Telja verður að tollalög, nr. 88/2005, hafi að geyma fullnægjandi grunn fyrir bindandi álit um tollflokkun í skilningi viðskiptaliprunarsamninga, einkum 20. og 21. gr. laganna. Þrátt fyrir að sambærilega ítarlega málsmeðferð sé ekki að finna í 145. gr. laganna verður ekki af því ályktað að innlend löggjöf sé ekki í samræmi við viðskiptaliprunarsamninga. Við mat á því er nauðsynlegt að líta til heildstæðs regluverks um bindandi ákvarðanir tollyfirvalda, þar á meðal almennra stjórnsýslureglna og reglna um kærur og endurskoðanir stjórnvaldsákvarðana. Í fyrrnefndri 145. gr. er ótvírætt mælt fyrir um rétt og skyldu til að veita bindandi álit um uppruna vöru og ákveðinn svarfrest.

Áformað er að leggja til í frumvarpinu að sá frestur sem ríkisskattstjóri hefur til útgáfu bindandi álita verði lengdur úr fjórum vikum í tvo mánuði frá móttöku beiðni eða viðbótargagna þar sem settur frestur hefur ekki reynst raunhæfur. Bindandi álit ríkisskattstjóra eru almenn úrræði til að fá fyrir fram bindandi afstöðu til skattalegra álitamála vegna fyrirhugaðra ráðstafana einstaklinga og lögaðila. Í framkvæmd geta þau skattalegu álitamál er varða fyrirtæki, fyrirtækjasamstæður og viðskipti yfir landamæri verið umfangsmikil og flókin. Ekki verður talið að um óhóflega lengingu á frestinum sé að ræða sem hafi áhrif á fyrirsjáanleika og tilgang laganna.

KPMG leggur jafnframt áherslu á að úrræðið þurfi að vera raunhæft og að gildissvið þess sé ekki of þröngt. Einkum er lagt til að heimilt verði að óska eftir bindandi áliti um ráðstafanir sem þegar hafa verið gerðar, svo og að frávísun verði ekki byggð á því einu að beiðni varði fyrirhugað félag, feli ekki í sér sérstakt álitaefni eða varði matskennd atriði, svo sem milliverðlagningu. Þá er lagt til að ákvarðanir um frávísun verði kæranlegar til yfirskattanefndar.

Ekki er talið rétt að fallast á tillögur um rýmkun gildissviðs bindandi álita. Meginhlutverk úrræðisins er að veita fyrir fram bindandi afstöðu til skattalegra álitamála vegna fyrirhugaðra ráðstafana og er því ekki ætlað að taka til ráðstafana sem þegar hafa verið framkvæmdar eða koma í stað almennrar skattframkvæmdar og kærumeðferðar. Þá er nauðsynlegt að afmarka

úrræðið við raunveruleg og nægilega skýr álitaefni, en ekki almenna skattalega ráðgjöf eða matskennd atriði, svo sem milliverðlagningu, þar sem niðurstaða getur ráðist af breytilegum staðreyndum og mati á þeim. Ekki verður heldur talið rétt að rýmka heimildina til að ná til óstofnaðra félaga, þar sem forsendur og aðstæður geta breyst áður en félag er stofnað. Að lokum verður ekki talið tilefni til að koma á sérstakri kæruheimild vegna frávísana, enda varðar slík ákvörðun fyrst og fremst skilyrði fyrir beitingu þessa sérúrræðis en ekki efnislega skattákvörðun.

Ekki er lagt upp með að þrengja frávísunarheimildir laganna heldur tilgreina í dæmaskyni tiltekin tilvik sem sæta myndu og sæta ættu frávísun. Er það talið til þess fallið að auka á skýrleika og fyrirsjáanleika laganna og draga úr ítrekuðum beiðnum sem fyrir liggur að vísa beri frá.

Fimm umsagnir bárust vegna áforma um breytingar á tollflokkun pítsuosts, nánar tiltekið frá Bændasamtökum Íslands, Samtökum fyrirtækja í landbúnaði, Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði, Samtökum ungra bænda og sameiginlega frá Samtökum smáframleiðenda matvæla og Beint frá býli. Þessir aðilar leggjast allir gegn breytingunni. Meginathugasemdirnar varða samráð og tímasetningu gagnvart búvörusamningum, lagalega nauðsyn breytingarinnar, niðurstöður dómstóla, möguleg áhrif á tollvernd og innlenda framleiðslu, auk skorts á afmörkuðu áhrifamati.

Sjónarmiðin sem fram koma í umsögnunum eru stjórnvöldum kunn. Áréttað er að fyrirhuguð breyting byggist á þeirri afstöðu að rétt sé að fylgja áliti Alþjóðatollastofnunarinnar um tollflokkun vörunnar. Þá mun breytingin ekki koma í veg fyrir að fjallað verði um tollvernd og stöðu innlendrar framleiðslu í tengslum við búvörusamninga á komandi misserum auk þess sem telja verður möguleg áhrif á innlenda framleiðslu óviss.

5.2. Drög að frumvarpi til laga.

Frumvarpsdrög voru kynnt almenningi í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is, dagana 6.–20. október 2026 (mál nr. S-196/2026) og bárust sextán umsagnir frá Auðhumlu svf., Bændasamtökum Íslands, Einhverfusamtökunum, Eyjafjarðarsveit, Félagi atvinnurekenda, Kauphöll Íslands hf., KPMG, Mjólkursamsölunni ehf., Múlaþingi, Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum fyrirtækja í landbúnaði, Samtökum iðnaðarins, Samtökum landbúnaðarsveitarfélaga, Samtökum sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra – SSNE og SVÞ – Samtökum verslunar og þjónustu. Gerðar voru athugasemdir við tillögur frumvarpsins að breytingum vegna tollflokkunar pítsuosts, framlengingar bráðabirgðaákvæðis í búvörulögum um tímabil sem afmarka lægri innflutningstolla á tilteknar tegundir grænmetis, einfaldari skattalegri meðferðar tilfallandi tekna einstaklinga, bindandi álita í skattamálum og starfsemi til almannaheilla.

Ákvæði frumvarpsins um einfaldari skattalega meðferð tilfallandi tekna einstaklinga og starfsemi til almannaheilla hafa tekið breytingum til aukins skýrleika, m.a. að fengnum athugasemdum þar um. Fallið hefur verið frá því skilyrði að verðmæti einstakra gjafa og framlaga í formi lausafjár skuli nema a.m.k. 5.000.000 kr. og þess í stað lagt til að frádráttarheimildin sé háð því skilyrði að við þær aðstæður að virði einstaks hlutar nemi hærri fjárhæð en 2.000.000 kr. skuli það verðmat staðfest af löggiltum endurskoðanda enda sé ekki til að dreifa fullnægjandi fylgiskjölum um verðmæti hvers hlutar, svo sem kaup- eða sölureikningum, dagsettum innan tólf mánaða frá veitingu gjafar eða framlags. Jafnframt hefur verið fallið frá því að fella lögaðila af almannaheillaskrá sjálfvirkt næstu tvö ár eftir ákvörðun um að fella hann af almannaheillaskrá frá og með því ári sem skráning var ekki heimil. Telja verður hæfilegt að fella hann af skránni viðkomandi ár samhliða tekjufærslu og 25% álagi á

tekjuskattsstofn. Þá hefur einnig verið fallið frá áformum um aukinn tímafrest ríkisskattstjóra til útgáfu bindandi álita.

Í þremur umsögnum var fjallað um fyrirhugaðar breytingar á búvörulögum, þ.e. framlengingu á bráðabirgðaákvæði EE, sem kveður á um tímabil lægri tolla á grænmeti. Umsagnaraðilar eru ekki sammála og snýr ágreiningurinn einkum að því hvort rétt sé að framlengja núverandi fyrirkomulag óbreytt eða hvort endurmeta eigi tímabilin með tilliti til markaðsaðstæðna eða fyrirkomulags beins stuðnings við útiræktun á grænmeti.

Þegar frumvarp það er varð að lögum nr. 152/2019, sem breytti búvörulögum, nr. 99/1993, og tollalögum, nr. 88/2005, var lagt fram voru lögð til ákveðin tímabil þar sem m.a. grænmeti var á lægri tollum en almennir tollar samkvæmt tollskrá. Við mat á þeim tímabilum var horft til undanfarinna tíu ára. Í frumvarpinu var lagt til að kartöflur með tollskrárnúmerinu 0701.9009 yrðu á lægri tollum frá 1. apríl til 15. ágúst ár hvert. Í þinglegri meðferð málsins voru tímabilin hins vegar stytt og tímabil lægri tolla á kartöflur tekið úr frumvarpinu. Þó var því bráðabirgðaákvæði sem hér um ræðir komið á, á grundvelli sameiginlegrar tillögu Bændasamtaka Íslands og Félags atvinnurekenda, og tollur lækkaður á kartöflur tímabilið 1.–30. júní. Var breytingunni ætlað að tryggja nægjanlegt framboð til hagsbóta fyrir neytendur, koma í veg fyrir skortstöðu og draga úr líkum á tímabundnum verðhækkunum vegna álagningar tolla þegar innlent vöruframboð væri ekki nægjanlegt.

Í ljósi þess að ekki hefur verið tekin ákvörðun um það hvernig þessum málum verði háttað til frambúðar er ekki tímabært að kveða á um slíkt í frumvarpinu. Jafnframt stendur nú yfir vinna við gerð nýs stuðningskerfis í landbúnaði sem mun taka við þegar núgildandi búvörusamningar renna sitt skeið. Að svo stöddu verður því ekki séð að forsendur séu til að breyta bráðabirgðaákvæði EE. Þar af leiðandi er ákvæðið lagt fram óbreytt og lagt til að ákvæðið gildi vegna ársins 2027.

Tólf umsagnir bárust í samráðsgátt þar sem fjallað var um fyrirhugaðar breytingar á tollflokkun mjólkurvara, frá Bændasamtökum Íslands, Samtökum fyrirtækja í landbúnaði, Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði, Samtökum iðnaðarins, Auðhumlu svf., Mjólkursamsölunni ehf., Múlaþingi, Samtökum sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, Samtökum landbúnaðarsveitarfélaga, Eyjafjarðarsveit, Félagi atvinnurekenda og Samtökum verslunar og þjónustu. Flestir umsagnaraðilar leggjast gegn breytingunni og benda m.a. á að ekki hafi verið sýnt nægilega fram á lagalega nauðsyn hennar, að gildandi tollflokkun hafi verið staðfest í íslenskri stjórnsýslu- og dómaframkvæmd og að álit samskrárnefndar Alþjóðatollastofnunarinnar hafi ekki bindandi áhrif að íslenskum rétti. Þá er gerð athugasemd við að áhrif breytingarinnar á innlenda mjólkurframleiðslu, afkomu bænda, atvinnu, fjárfestingar, byggðafestu og fæðuöryggi hafi ekki verið fyllilega metin. Nokkrir umsagnaraðilar telja jafnframt að skýra þurfi betur gildissvið breytingarinnar og hvaða vörur falli undir hana. Félag atvinnurekenda og Samtök verslunar og þjónustu styðja þó meginmarkmið breytingarinnar og leggja áherslu á að tollflokkun vöru eigi að vera í samræmi við alþjóðlega tollflokkun og niðurstöðu samskrárnefndar Alþjóðatollastofnunarinnar.

Fallið hefur verið frá fyrirhuguðum breytingum í frumvarpinu á tollflokkun mjólkurvara.

6. Mat á áhrifum.

6.1. Mat á fjárhagsáhrifum.

Tillögur frumvarpsins kunna að hafa einhver fjárhagsleg áhrif á ríkissjóð, einkum vegna breytinga á skattalegri meðferð minni háttar, tilfallandi tekna einstaklinga og framlengingar á lægri innflutningstollum á tilteknar tegundir grænmetis.

Heimild til 30% frádráttar vegna minni háttar, tilfallandi tekna getur haft í för með sér auknar tekjur af tekjuskatti einstaklinga, en umfang áhrifanna ræðst af fjölda og fjárhæð þeirra tekna sem falla undir regluna og núverandi skattalegri meðferð þeirra. Á móti myndu tekjur af tryggingagjaldi lækka þar sem ekki yrði um reiknuð laun að lækka. Út frá tekjum ársins 2025 má áætla að nettótekjur ríkisins gætu aukist um 250 millj. kr. og að útsvar til sveitarfélaga gæti hækkað um 200 millj. kr.

Framlenging á bráðabirgðaákvæði til eins árs sem kveður á um lægri innflutningstolla á tilteknar tegundir grænmetis kann jafnframt að hafa í för með sér lægri tolltekjur ríkissjóðs. Umfang þeirra áhrifa ræðst af innflutningsmagni og tollmun á viðkomandi vörum og er gert ráð fyrir því að þau verði óveruleg.

Aðrar breytingar eru fyrst og fremst til þess fallnar að skýra og einfalda reglur, laga löggjöf að breyttri stjórnsýslu og gildandi rétti eða bæta fyrirsjáanleika í framkvæmd. Ekki er gert ráð fyrir að þær hafi veruleg bein áhrif á tekjur eða útgjöld ríkissjóðs. Áhrif breytinganna á tekjur ríkissjóðs í heild eru því talin takmörkuð.

6.2. Mat á jafnréttisáhrifum.

Við undirbúning frumvarpsins var lagt mat á hvort tillögur þess gætu haft bein eða óbein áhrif á stöðu kynjanna. Við matið var einkum litið til þess hvaða hópar verða fyrir áhrifum af breytingunum og hvort áhrif þeirra gætu verið mismunandi eftir kyni.

Niðurstaða matsins er að ekki sé tilefni til að ætla að tillögurnar hafi veruleg eða ólík áhrif á stöðu kynjanna. Tillögurnar eru almennt hlutlausar að þessu leyti og byggjast á almennum og málefnalegum sjónarmiðum, svo sem að skýra og einfalda skattareglur, auka fyrirsjáanleika í skattframkvæmd, samræma reglur og tryggja að löggjöf sé í samræmi við gildandi rétt og alþjóðlegar skuldbindingar.

Þó kunna einstakar breytingar að hafa áhrif á einstaklinga eða lögaðila eftir eðli starfsemi þeirra og tekjuöflunar. Ekki liggja fyrir upplýsingar sem gefa tilefni til að ætla að slík áhrif séu kynbundin eða að frumvarpið hafi í för með sér breytingu á stöðu kynjanna. Verður því ekki séð að þörf sé á sérstökum aðgerðum til að bregðast við jafnréttisáhrifum frumvarpsins.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að gerð verði breyting á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, og kveðið verði nánar á um afskráningu af almannaheillaskrá, skattalegar afleiðingar annmarka á skráningu og ráðstöfun styrkja til annarra málefna, svo og kæruheimild vegna ákvarðana ríkisskattstjóra. Markmiðið er að skattalegar ívilnanir vegna almannaheillastarfsemi nýtist í samræmi við tilgang þeirra og að framkvæmd reglnanna sé skýr og fyrirsjáanleg.

Lagt er til að í stað 4. og 5. málsl. 9. tölul. 4. gr. komi reglur a-liðar um afskráningu og kæruheimild, sbr. b-lið ákvæðisins. Í stafliðnum kemur fram að afskráning vegna rangra eða villandi upplýsinga sé bundin því að skilyrði skráningar hafi ekki verið uppfyllt og upplýsingarnar haft verulega þýðingu fyrir mat á þeim. Óveruleg ónákvæmni eða mistök í upplýsingagjöf nægja því ekki ein og sér til afskráningar hafi skilyrðin í raun verið uppfyllt. Ekki er áskilið að upplýsingagjöfin hafi verið af ásetningi. Afskráning skal afmörkuð við þau ár sem skilyrðin voru ekki uppfyllt og tekur ekki sjálfkrafa til síðari ára.

Afskráning skal einnig eiga sér stað hafi styrkjum verið ráðstafað til annarra málefna en getið er í 4. tölul. 4. gr. laganna, nema ráðstöfunin sé óveruleg. Við það mat skal líta heildstætt til fjárhæðar, hlutfalls af ráðstöfuðum styrkjum og eðlis og tíðni ráðstöfunar. Endurteknar

ráðstafanir skulu metnar saman. Lágt hlutfall af heildarráðstöfun nægir ekki eitt og sér til þess að ráðstöfun teljist óveruleg.

Við mat á ráðstöfun styrkja er miðað við þá fjárhæð sem varið er á viðkomandi ári, óháð því hvenær styrkirnir bárust. Styrkir sem varðveittir eru til síðari verkefna teljast ekki hafa verið nýttir til annarra málefna af þeirri ástæðu einni að þeim hafi ekki verið ráðstafað fyrir árslok.

Sannanlegur og eðlilegur kostnaður sem þjónar almannaheillastarfseminni telst ráðstöfun í þágu hennar. Þetta tekur bæði til beins verkefnakostnaðar og nauðsynlegs rekstrar- og umsýslukostnaðar, svo sem vegna launa, húsnæðis, búnaðar og fjáröflunar. Upptalningin felur ekki í sér að allur slíkur kostnaður teljist sjálfkrafa heimil ráðstöfun. Meta þarf tengsl hans við starfsemina og hvort umfang hans sé eðlilegt, að virtri raunverulegri ráðstöfun til almannaheilla. Aðili þarf að geta sýnt fram á þessi atriði með bókhaldi og öðrum fullnægjandi gögnum.

Áður en ákvörðun um afskráningu er tekin skal veita leiðbeiningar og hæfilegan frest til að bæta úr annmörkum sem unnt er að leiðrétta til frambúðar nema það sé bersýnilega tilgangslaust.

Tekjufærsla samkvæmt ákvæðinu er ekki bundin því að aðili sé afskráður. Fullnægjandi úrbætur eða óveruleg ráðstöfun geta því komið í veg fyrir afskráningu, en tekjufærsla fellur ekki niður af þeim sökum.

Vegna rangra eða villandi upplýsinga um skráningu skulu styrkir sem mótteknir voru á þeim árum sem skilyrði skráningar voru ekki uppfyllt tekjufærðir á móttökuári, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 61. gr. Frá þeim dragast sannanlegur kostnaður við öflun þeirra og sannanleg framlög til málefna skv. 4. tölul. Við ráðstöfun styrkja til annarra málefna skal aftur á móti tekjufæra þann hluta sem ráðstafað var með óheimilum hætti á ráðstöfunarárinu, óháð móttökuári. Almennt þarf því ekki að endurskoða eldri móttökuár vegna síðari ráðstöfunar. Síðari reglan tekur aðeins til óheimilt ráðstafaðrar fjárhæðar en ekki styrkja sem varið hefur verið með heimilum hætti eða eru varðveittir til síðari verkefna.

Lagt er til að 25% álag leggist á þann tekjuskattsstofn sem ákvarðaður er samkvæmt ákvæðinu. Heimilt verður að fella álagið niður færi aðili rök fyrir því að honum verði ekki kennt um annmarkana eða ráðstöfunina. Jafnframt er heimilt að lækka álag eða fella það niður vegna sérstakra ástæðna, einkum afsakanlegra mistaka eða réttmæts vafa um túlkun reglna. Við matið skal einnig líta til eðlis og alvarleika annmarkanna og úrbóta að eigin frumkvæði. Úrbætur geta þannig haft þýðingu við ákvörðun álags þótt þær leiði ekki til niðurfellingar tekjufærslu.

Í b-lið er lagt til að kæruheimild verði í sérstakri málsgrein og taki til ákvarðana um synjun skráningar, afskráningu, tekjuskattsstofn og álag. Kærufrestur til yfirskattanefndar verður 30 dagar frá dagsetningu ákvörðunar ríkisskattstjóra.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til það nýmæli í lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, að endurgjald einstaklings fyrir minni háttar tilfallandi verkefni verði talið til tekna að frádregnum 30% af heildarendurgjaldi, að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum. Frádrátturinn er staðlaður og kemur í stað annars frádráttar vegna kostnaðar við öflun teknanna. Ekki þarf því að sýna fram á að kostnaður hafi numið 30% af endurgjaldinu, en ekki verður jafnframt dreginn frá raunverulegur kostnaður vegna sömu verkefna.

Með tilfallandi verkefnum er átt við verkefni eða viðvik sem einstaklingur tekur að sér öðru hverju en eru ekki reglubundin eða viðvarandi þáttur í tekjuöflun hans. Við matið verður m.a. litið til tíðni, samfellu og umfangs verkefnanna. Það eitt að verkefni séu fleiri en eitt á

almanaksári útilokar ekki beitingu reglunnar. Þá nægir ekki eitt og sér að endurgjaldið sé undir fjárhæðarmörkunum ef verkefnin eru að öðru leyti reglubundin eða viðvarandi.

Verkefnin skulu vera unnin utan ráðningarsambands. Reglan tekur því ekki til launa eða annarra aukagreiðslna fyrir störf innan slíks sambands, þótt um einstök eða tímabundin verkefni sé að ræða. Jafnframt mega verkefnin ekki vera þáttur í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi sem einstaklingurinn hefur að öðru leyti með höndum. Ekki er þannig unnt að skilja einstök verkefni frá slíkri starfsemi og fella þau undir sérregluna eingöngu vegna þess að þau eru afmörkuð eða endurgjaldið fyrir þau lágt.

Skilyrðið um að verkefnin byggist fyrst og fremst á persónulegu vinnuframlagi afmarkar regluna við verkefni þar sem vinna einstaklingsins sjálfs er meginþátturinn. Minni háttar útgjöld eða notkun eigin búnaðar útiloka ekki beitingu hennar. Þó er henni ekki ætlað að taka til verkefna sem krefjast verulegra aðfanga, fjárfestingar eða aðkeyptrar vinnu eða fela í sér verulega rekstraráhættu. Við það mat verður m.a. litið til fjárhagslegra skuldbindinga vegna framkvæmdar verkefnis og áhættu einstaklingsins af kostnaði þess.

Sem dæmi um verkefni sem geta fallið undir regluna má nefna einstaka greinaskrif, fyrirlestra eða álitsgerðir, enda séu önnur skilyrði ákvæðisins uppfyllt. Úrslitum ræður hvort þau séu unnin utan ráðningarsambands og augljóst sé að þau eru ekki þáttur í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi sem einstaklingurinn hefur að öðru leyti með höndum.

Fjárhæðarmörkin miðast við samanlagt heildarendurgjald einstaklingsins fyrir öll verkefni sem falla að öðru leyti undir ákvæðið á almanaksárinu, áður en 30% frádráttur er reiknaður. Þau gilda því ekki fyrir hvert verkefni eða hvern greiðanda sérstaklega. Fari samanlagt endurgjald yfir 2.000.000 kr. er skilyrði frádráttarins ekki uppfyllt og fellur réttur til hans niður vegna allra þessara tekna á viðkomandi ári. Fer þá um skattalega meðferð teknanna samkvæmt almennum reglum. Það eitt að farið sé yfir fjárhæðarmörkin leiðir þó ekki sjálfkrafa til þess að verkefnin teljist atvinnurekstur eða sjálfstæð starfsemi.

Tekið er sérstaklega fram að verkefni sem fullnægja öllum skilyrðum ákvæðisins teljist hvorki atvinnurekstur né sjálfstæð starfsemi í skilningi laganna, hvort sem þau eru metin hvert fyrir sig eða í heild. Tilgangurinn er að tryggja að verkefni sem falla undir regluna verði ekki talin slík starfsemi eingöngu vegna þess að þau eru fleiri en eitt eða unnin fyrir fleiri en einn greiðanda.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að fjárhæðarmörk hinnar sérstöku þóknanareglu samkvæmt lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, verði samræmd fjárhæðarmörkum þeirra sem undanþegnir eru skattskyldu virðisaukaskatts samkvæmt lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988. Í því skyni verði miðað við 2.000.000 kr. fjárhæðarmark á ári. Með þessu verður tryggt að sömu fjárhæðarmörk gildi um sambærilega starfsemi samkvæmt lögum um tekjuskatt og lögum um virðisaukaskatt og komið í veg fyrir að mismunandi mörk leiði til ófyrirsjáanlegrar eða ósamræmdrar skattalegrar meðferðar.

Samræming fjárhæðarmarkanna er þannig mikilvægt fyrsta skref í átt að einfaldari og skýrari reglum um minni háttar persónuleg aukaverkefni. Ekki er með þessu tekin afstaða til þess hvort rétt sé að hækka fjárhæðarmörkin almennt síðar. Slík hækkun er umfangsmeira álitaefni sem kallar á heildstætt mat á áhrifum hennar á framkvæmd virðisaukaskattskerfisins og skattframkvæmd almennt. Einkum þarf þá að taka tillit til starfsemi þar sem veltan getur verið veruleg, þótt hún sé stunduð af einstaklingum í tiltölulega smáum rekstri, svo sem skammtímaleigu í gegnum miðla á borð við Airbnb.

Með því að samræma mörkin nú við 2.000.000 kr. er því stigið afmarkað fyrsta skref án þess að ráðist sé að svo stöddu í almenna hækkun á lágmarksfjárhæð virðisaukaskattsskyldu.

Slík breyting hefði víðtækari áhrif og gæti haft áhrif á fjölda ólíkra starfsgreina og tekjuöflunar, þar á meðal starfsemi sem felur í sér sölu eða leigu til almennings. Verður því að telja rétt að fjalla um slíka hækkun sérstaklega og á grundvelli heildstæðs mats á áhrifum hennar.

Afmörkun hinnar sérstöku þóknanareglu byggist þannig á hlutlægum skattalegum sjónarmiðum og samræmist því markmiði að gera skattframkvæmd einfaldari og fyrirsjáanlegri. Með sömu fjárhæðarmörkum samkvæmt lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, og lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, verður jafnframt dregið úr hættu á því að óvissa skapist um það hvort og hvenær einstaklingur færist úr hinu einfaldaða fyrirkomulagi yfir í almennar reglur um skattlagningu starfsemi. Eins og áður segir getur einstaklingur ávallt leitað eftir tilheyrandi skráningu rekstrar hjá ríkisskattstjóra telji hann sig stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og eftir atvikum stofnun lögaðila. Í þeim tilvikum myndu almennar reglur gilda, þar á meðal um reiknað endurgjald, staðgreiðslu, tryggingagjald og iðgjald í lífeyrissjóð.

Verði frumvarpið að lögum verður ráðherra heimilt að setja reglugerð þar sem nánar verði kveðið á um framkvæmd reglnanna, þar á meðal skilgreiningu á tilfallandi tekjum og hvað teljist minni háttar tekjur í skilningi laganna.

Um a-lið 3. gr.

Í núgildandi 3. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, eru sett fram skilyrði frádráttar happdrættisvinninga frá skattskyldum tekjum. Til aukins skýrleika er lagt til í a-lið greinarinnar að frádráttarheimild nái til vinninga í happdrættum sem fengið hafa leyfi sýslumanns, sbr. lög um happdrætti, nr. 38/2005. Það mun jafnframt tryggja að skörun skapist ekki milli laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, og laga um happdrætti, nr. 38/2005. Í því sambandi má vísa til þess að leyfisveitandi hefur virkt eftirlit með því að leyfisskilyrðum sé framfylgt, sbr. 10. gr. laga um happdrætti, nr. 38/2005.

Jafnframt er lagt til að felld verði úr gildi tilvísun til ráðuneytis sem er ekki í samræmi við núgildandi lög um happdrætti, nr. 38/2005.

Inntak þeirra skilyrða sem sett eru fyrir leyfisveitingu samkvæmt lögum um happdrætti, nr. 38/2005, eru af sambærilegum toga og þau sem afmarka gildissvið núgildandi ákvæðis í lögum um tekjuskatt.

Um b-lið 3. gr. og 4. gr.

Lagt er til að skýrt verði tekið fram í lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, að til þess að einstaklingar og lögaðilar fái notið frádráttar skv. 30. og 31. gr. laganna skuli meginreglan vera sú að gjafir og framlög til lögaðila sem starfa til almannaheilla séu í reiðufé. Breytingunni er fyrst og fremst ætlað að skýra gildissvið frádráttarheimildarinnar og stuðla að fyrirsjáanlegri og einfaldari framkvæmd hennar.

Framlög í öðru formi en reiðufé geta haft í för með sér ýmis flókin álitaefni, m.a. um verðmæti hins afhenta, afhendingardag, eignarhald og það hvort og að hvaða marki hinn afhenti hlutur hafi raunverulegt fjárhagslegt verðmæti fyrir viðtakandann. Slík álitaefni eru sérstaklega mikilvæg þar sem frádrátturinn frá skattskyldum tekjum ræðst af verðmæti framlagsins.

Breytingatillögunni er ætlað að gera framkvæmd ákvæðisins einfaldari og að auðveldara verði að sannreyna fjárhæð frádráttar. Þá verður dregið úr hættu á því að einhliða verðmat einstakra eigna ráði fjárhæð skattfrádráttar.

Ekki þykir þó rétt að útiloka alfarið framlög í formi lausafjár. Í ákveðnum tilvikum geta einstakir verðmætir lausafjármunir haft verulega þýðingu fyrir starfsemi lögaðila sem starfar til almannaheilla og getur verið eðlilegt að slíkt framlag njóti sömu skattalegu meðferðar og

framlag í reiðufé. Því er lögð til breyting á 2. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003 um þrönga undantekningu fyrir einstaka gjöf eða framlag í lausafé, þó ekki óefnisleg réttindi. Skilyrði er að við þær aðstæður að virði einstaks hlutar nemi hærri fjárhæð en 2.000.000 kr. skuli það verðmat staðfest af löggiltum endurskoðanda enda sé ekki til að dreifa fullnægjandi fylgiskjölum um verðmæti hvers hlutar, svo sem kaup- eða sölureikningum, dagsettum innan tólf mánaða frá veitingu gjafar eða framlags.

Með því er leitast við að afmarka skilyrðið um staðfestingu löggilts endurskoðanda á verðmati einstaks hlutar við lausafjármuni þar sem virði hvers hlutar nemur hærri fjárhæð en 2.000.000 kr. og leitast við að tryggja að verðmæti hins afhenta sé metið á grundvelli óháðs og faglegs mats þar sem ekki er til að dreifa fullnægjandi fylgiskjölum um verðmæti hvers hlutar.

Með þessu er leitast við að ná jafnvægi milli þess markmiðs að hafa skýrar og einfaldar reglur um frádráttarbær framlög og þess að koma í veg fyrir að reglurnar útiloki framlög sem geta haft verulega þýðingu fyrir starfsemi til almannaheilla. Við mat á því hvort skilyrði ákvæðisins séu uppfyllt þarf jafnframt að tryggja að um raunverulega gjöf eða framlag sé að ræða og að verðmæti hins afhenta endurspegli eðlilegt markaðsverð á þeim tíma sem framlagið er innt af hendi.

Um 5. gr.

Í greininni er lagt til að orðin „og 53. gr. a“ í 1. málsl. 1. mgr. 54. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, verði felld brott.

Með 2. gr. laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld, nr. 54/2016, var 2. mgr. 53. gr. a laga nr. 90/2003, felld brott. Ákvæðið hafði m.a. tekið til skattalegrar meðferðar þegar verðbréfa- eða fjárfestingarsjóði var breytt í hlutafélag. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 54/2016 kom fram að ákvæðið hefði ekkert gildi, þar sem samkvæmt lögum um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, nr. 128/2011, sem þá voru í gildi, væri ekki heimilt að breyta verðbréfa- eða fjárfestingarsjóði í hlutafélag, sbr. núgildandi lög um verðbréfasjóði, nr. 116/2021. Var því lagt til að ákvæðið yrði fellt brott.

Við þá breytingu var aftur á móti látið hjá líða að fella jafnframt brott tilvísunina til 53. gr. a í 1. mgr. 54. gr. laga nr. 90/2003. Þar sem 2. mgr. 53. gr. a hefur verið felld brott og hefur því ekki lengur efnislegt gildi er tilvísunin til ákvæðisins í 54. gr. úrelt. Er því lagt til að hún verði felld brott til samræmis við gildandi löggjöf. Með breytingunni er ekki stefnt að efnislegri breytingu á skattlagningu heldur einungis að leiðrétta tilvísun í lögunum.

Um 6. gr.

Með breytingu sem lögð er til á 1. mgr. 1. gr. laga um bindandi álit í skattamálum, nr. 91/1998, er tekinn af allur vafi um að bindandi álit tekur einungis til álitamála sem varða framtíðarálagningu skatta og gjalda sem ríkisskattstjóra er falin framkvæmd á, enda sé sú álagning kæranleg til yfirskattanefndar.

Þá þykir ástæða til að afmarka skýrt gildissvið laga um bindandi álit í skattamálum, nr. 91/1998, þannig að í nýrri málsgrein verði sérstaklega kveðið á um að lögin taki ekki til ákvarðana eða álitaefna sem lúta að tollamálum eða öðrum ákvörðunum tollyfirvalda, svo sem bindandi álitum um tollflokkun.

Eftir sameiningu embættis ríkisskattstjóra og tollsins fer sama stjórnvaldið, Skatturinn, með bæði skattamál og tollamál. Sú skipulagsbreyting hefur leitt til ákveðinnar réttaróvissu um það hvort úrræði bindandi álita samkvæmt lögum nr. 91/1998 geti einnig formlega eða efnislega náð til álitaefna sem varða ákvarðanir á sviði tollamála.

Ákvæði um bindandi álit er að finna bæði í tollalögum, nr. 88/2005, og lögum um bindandi álit í skattamálum, nr. 91/1998, og byggjast þau á sambærilegum sjónarmiðum um aukinn fyrirsjáanleika og réttaröryggi, en endurspegla þó ólíkt eðli viðkomandi réttarsviða. Samkvæmt tollalögum, nr. 88/2005, er heimilt að óska eftir bindandi áliti tollyfirvalda um tollflokkun og uppruna vöru, sbr. 21. og 145. gr. laganna. Megintilgangur slíkra álita er að tryggja samræmda tollmeðferð og skilvirk viðskipti yfir landamæri þar sem ákvarðanir byggjast að meginstefnu til á hlutlægum eiginleikum vöru og tollflokkun hennar. Lög um bindandi álit í skattamálum, nr. 91/1998, eru heildstæð lög sem hafa að geyma formreglur og efnisleg skilyrði að baki því úrræði og veita skattaðilum fyrir fram úrlausn um skattalegar afleiðingar fyrirhugaðra ráðstafana. Úrræðið er einkum ætlað flóknari og fjárhagslega þýðingarmiklum ráðstöfunum og tekur þannig ekki til úrlausna um hefðbundna skattframkvæmd.

Til verulegra bóta yrði að kveða skýrt á um í lögum um bindandi álit í skattamálum, nr. 91/1998, að þau taki hvorki til né séu til fyllingar við úrlausnir sem lúta að tollframkvæmd. Slík afmörkun er til þess fallin að styrkja fyrirsjáanleika óháð skipulagi stjórnsýslunnar hverju sinni.

Um 7. gr.

Lögð er til sú orðalagsbreyting að í stað þess að ríkisskattstjóri afli gagna „hjá álitsbeiðanda“ í 1. mgr. 2. gr. laga um bindandi álit í skattamálum, þá afli hann þeirra „frá álitsbeiðanda“ sem telja verður réttara orðalag.

Um 8. gr.

Við tilteknar aðstæður er ríkisskattstjóra heimilt að vísa álitsbeiðni frá, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um bindandi álit í skattamálum, svo sem telji hann beiðni vanreifaða eða óskýra eða aðrar ástæður mæla gegn því að látið sé uppi bindandi álit. Í framkvæmd hefur reynt á allnokkurn fjölda tilvika þar sem beiðni hefur ekki verið talin tæk til efnislegrar meðferðar. Talsvert er um að sömu eða sambærilegar ástæður leiði til frávísunar álitsbeiðna og því ástæða til að tilgreina í dæmaskyni í ákvæðinu tiltekin tilvik sem sæta myndu eða sæta ættu frávísun. Er þar m.a. horft til sambærilegra tilvika í Danmörku og Noregi. Það er til þess fallið að auka á skýrleika og fyrirsjáanleika og draga úr því að ítrekað séu lagðar fram beiðnir sem fyrir liggur að vísa beri frá. Í því sambandi er rétt að hafa í huga að almennt ber að greiða fyrir útgáfu bindandi álits óháð því hvort beiðni er vísað frá eða hún tekin til efnislegrar meðferðar.

Ekki er lagt til að tilgreind verði öll möguleg tilvik sem geta leitt til frávísunar, heldur þau sem augljós eru og nokkuð algeng. Því yrði ríkisskattstjóra enn játað mat á því hvort skilyrði fyrir útgáfu bindandi álits séu uppfyllt, sbr. áðurnefnda 2. mgr. 3. gr. laganna.

Þau tilvik sem ástæða þykir að tilgreina sérstaklega eru forúrskurðir um það hvort skilyrði skráningarskyldu séu uppfyllt þegar lög kveða ótvírætt á um almennar skyldur til skráningar innan tiltekins tíma frá því starfsemi hefst annars vegar og um umsóknir af ýmsum toga hins vegar. Ljóst má þannig vera að afstaða til skráningarskyldu verður ekki tekin í bindandi áliti á grundvelli óljósra forsendna um tilhögun mögulegrar starfsemi og vandséð hverju það kynni að ráða um fyrirhuguð áform, enda hlýtur skráningarskylda og afstaða til hennar efnislega að ráðast af því hvort aðstæður séu slíkar að þær kalli á skráningu. Þá verður ekki séð þörf fyrir að veittur sé forúrskurður um mögulegar umsóknir, svo sem hvað varðar samsköttun félaga, annað reikningsár en almanaksár eða dreifingu á tekjufærslu. Sama verður að telja að eigi við um aðrar umsóknir, hvort heldur um mögulegar endurgreiðslur eða lækkun á skattstofnum.

Rétt er að taka fram að álit ríkisskattstjóra skal fyrst og fremst beinast að túlkun þeirra lagaákvæða sem fyrirhugaðar ráðstafanir álitsbeiðanda yrðu felldar undir. Bindandi álit eru

þannig ekki vettvangur til að kveða úr um það hvernig aðilum beri að haga verðlagningu í viðskiptum sínum við tengda sem ótengda aðila, þannig að sú ákvörðun um verðlagningu yrði lögð til grundvallar álagningu þeirra aðila sem fyrirhuguð viðskipti tækju til. Varðandi grundvöll þess að látið sé uppi bindandi álit, þá stendur þar eðli máls samkvæmt í vegi óljós sönnunarfærsla um framtíðaraðstæður, staðreyndir og önnur atvik máls. Um eðli og tilgang bindandi álita þykir að öðru leyti mega vísa til úrskurðar yfirskattanefndar nr. 200/2016, en þar segir m.a.:

> Samkvæmt framangreindum ákvæðum laga nr. 91/1998, um bindandi álit í skattamálum, sbr. einkum 1. og 2. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 3. gr. laganna, er ótvírætt að ríkisskattstjóri getur lagt sjálfstætt mat á atvik og aðstæður, er kunna að liggja til grundvallar beiðni um bindandi álit embættisins hverju sinni, og er ekki endilega bundinn af viðhorfum álitsbeiðanda í þeim efnum. Er bindandi álitum ríkisskattstjóra enda ætlað að vera grundvöllur skattlagningar síðar, sbr. 6. gr. laga nr. 91/1998. Við mat á því, hvert svigrúm ríkisskattstjóri hefur í þessum efnum, verður að hafa í huga eðli bindandi álits sem forákvörðunar í máli sem ekki liggur fyrir þegar álit er gefið. Þegar niðurstaða í máli veltur þannig að verulegu leyti á því að ákvarða um staðreyndir, atvik eða aðstæður sem óvissa er um verður að telja að úr slíkum álitaefnum verði að jafnaði ekki leyst í bindandi áliti ríkisskattstjóra, sbr. m.a. ráðagerð þess efnis í almennum athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 91/1998 og sérstaklega athugasemdir við 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins varðandi frávísun beiðnar um bindandi álit. Er ríkisskattstjóra enda játað rúmt mat á því í lögum nr. 91/1998 hvort skilyrði fyrir bindandi áliti séu uppfyllt, sbr. sérstaklega takmörkun á málskotsrétti samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laganna varðandi frávísun samkvæmt 2. mgr. 3. gr. þeirra.

Um 9. gr.

Lagt er til að ríkisskattstjóra verði heimilt í takt við rafræna stjórnsýslu að senda bindandi álit rafrænt eða eftir atvikum á öðru formi.

Um 10. gr.

Í 1. tölul. 2. gr. laga um fjársýsluskatt, nr. 165/2011, er vísað til laga um vátryggingastarfsemi, nr. 56/2010. Síðastgreind lög voru felld úr gildi með 174. gr. laga um vátryggingastarfsemi, nr. 100/2016, og því mikilvægt að gera viðeigandi breytingar á fyrrnefndu ákvæði laga um fjársýsluskatt.

Um 11.–14. og 16.–18. gr.

Með lögum um breytingu á lögum er varða rannsókn og saksókn skattalagabrota, nr. 29/2021, var frumákvörðunarvald í sektarmálum almennt fært frá yfirskattanefnd til stjórnvalda á lægra stjórnsýslustigi og lýkur nú meiri hluta skattrannsóknarmála með fésekt hjá Skattinum nema máli sé vísað til lögreglu samkvæmt fyrirmælum ríkissaksóknara. Þá er ákvörðun um sektir nú kæranleg til yfirskattanefndar. Ljóst er að í skattalögum er að finna ákvæði sem ekki hafa verið aðlöguð að breyttri framkvæmd sem gerð var með lögum nr. 29/2021. Því er lagt til að felld verði brott þau ákvæði sem ekki eiga lengur við. Með því verði aukið samræmi á milli ákvæða í skattalögum sem kveða á um málsmeðferð og rannsókn skattalagabrota. Einkum verði gætt að samræmi við 110. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003.

Því er lagt til að 3. mgr. 3. gr. og 22. gr. laga um yfirskattanefnd, nr. 30/1992, verði felldar brott og 2. og 6. gr. laganna breytt til samræmis við lög nr. 29/2021. Í 1. mgr. 2. gr. laga nr.

30/1992, er skýrt kveðið á um að úrskurðarvald yfirskattanefndar taki til skatta, gjalda og sekta sem ríkisskattstjóri ákvarðar.

Jafnframt er lagt til að felld verði brott ákvæði 1. málsl. 2. mgr. 41. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, og 1. málsl. 2. mgr. 20. gr. laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 94/1996. Þessi ákvæði kveða á um að skattrannsóknarstjóra sé heimilt að gefa aðila kost á að ljúka refsimeðferð máls með því að greiða sekt til ríkissjóðs, enda sé talið að brot sé skýlaust sannað og verði máli þá hvorki vísað til rannsóknar lögreglu né sektarmeðferð hjá yfirskattanefnd.

Einnig er lagt til að felld verði brott ákvæði 4. og 5. málsl. 4. mgr. 41. g laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, 4. og 5. málsl. 4. mgr. 20. gr. laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 94/1996, og 4. og 5. málsl. 4. mgr. 31. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987. Ákvæði þessi eru svohljóðandi: „Senda skal ríkissaksóknara skrá yfir mál sem lokið er samkvæmt þessu ákvæði. Telji ríkissaksóknari að saklaus maður hafi verið látinn gangast undir sektarákvörðun skv. 2. mgr. eða málalok hafi verið fjarstæð að öðru leyti getur hann borið málið undir dómara til ónýtingar ákvörðun skattrannsóknarstjóra.“

Ákvæði þessi eiga ekki lengur við eftir þær breytingar sem urðu með lögum nr. 29/2021, og lýst er hér að framan.

Um 15. gr.

Lagt er til að úreld tilvísun til laga um listmunauppboð o.fl., nr. 36/1987, verði leiðrétt. Lög nr. 36/1987 voru felld úr gildi með lögum um verslunaratvinnu, nr. 28/1998, og ákvæði um frjáls uppboð er nú að finna í 99. gr. laga um lausafjárkaup, nr. 50/2000. Engin efnisbreyting felst í ákvæðinu.

Um 19. gr.

Með greininni er lagt til að röng tilvísun verði leiðrétt til samræmis við breytingu sem gerð var á 24. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með 2. gr. laga nr. 51/2023. Engin efnisbreyting felst í ákvæðinu.

Um 20. gr.

Í greininni er lögð til tímabundin undanþága frá skilyrði 2. mgr. 104. gr. tollalaga um að rými tollfrjálsrar verslunar fyrir farþega og áhafnir sem koma til landsins skuli vera sérstaklega afmarkað og eingöngu aðgengileg framangreindum einstaklingum. Undanþágan tæki til leyfishafa sem hafi fengið starfsleyfi fyrir 1. janúar 2027 og reki tollfrjálsa verslun fyrir komu- og brottfararfarþega í sama sölurými við gildistöku laganna, verði frumvarpið að lögum. Þeim yrði heimilt að halda áfram þeirri starfsemi sinni í því horfi á sama flugvelli til 1. janúar 2032. Greinin veitir hvorki heimild til að koma á fót nýrri tollfrjálsri verslun með sameiginlegu sölurými né til að færa slíka starfsemi á annan flugvöll.

Tilefni undanþágunnar er að styðja við áframhaldandi uppbyggingu millilandaflugs á landsbyggðinni og skapa tímabundið svigrúm til áframhaldandi reksturs tollfrjálsrar verslunar á þeim stöðum þar sem ekki hefur verið unnt að aðskilja sölurými fyrir komu- og brottfararfarþega. Tryggja verður að sameiginlegt sölurými torveldi ekki eftirlit með því hvort sala fer fram til komu- eða brottfararfarþega. Því er sérstaklega mælt fyrir um að sala við komu annars vegar og brottför hins vegar skuli skráð á aðgreindan hátt. Skráningin þarf þannig að gera tollyfirvöldum kleift að rekja sölu allt eftir því hvort hún á sér stað við komu eða brottför og hafa jafnframt almennt eftirlit með starfseminni. Að öðru leyti gilda áfram skilyrði starfsleyfis og almennar reglur um tollfrjálsar verslanir.

Um 21. gr.

Í greininni er lögð til eins árs framlenging á gildistíma ákvæðis til bráðabirgða EE við búvörulög, nr. 99/1993, þannig að það gildi út árið 2027. Bráðabirgðaákvæðið kveður á um tímabil sem afmarka lægri innflutningstolla á tilteknar tegundir grænmetis. Með framlengingunni er tryggt nægjanlegt framboð til hagsbóta fyrir neytendur, auk þess sem komið er í veg fyrir skortstöðu og dregið úr líkum á tímabundnum verðhækkunum vegna álagningar tolla í þeim tilvikum þegar innlent vöruframboð er ekki nægjanlegt.

Um 22. gr.

Greinin fjallar um gildistöku og þarfnast ekki skýringar.